

## Fyrsta stig

Fyrsta stigsprófið á trommusetting er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði G1**. Ætlast er til þess að nemendur í fyrsta stigi eigi kennslubók og kaupi æfingabók í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok fyrsta stigs eiga trommunemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- hafi kynnst algengustu slagverkshljóðfærum, t.d. tamborinum, hristum og handtrommum.
- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærin.
- leiki með eðlilegri handsetningu á hvert hljóðfæri fyrir sig.
- hafi grundvallartök á tónmyndun viðkomandi hljóðfæra.
- geti gert nokkrar styrkbreytingar.
- hafi öðlast grundvallarhrynskyn.
- hafi þjálfast í að telja upphátt þar sem það á við.
- hafi kynnst algengustu formgerðum.
- hafi kynnst undirleik við laglínuflutning.
- hafi kynnst því að leika innan mismunandi stílbrigða.
- hafi þjálfast í leik undirstöðuæfinga á sneriltrommu.
- hafi hlotið þjálfun í leik handsetningaræfinga.
- hafi hlotið þjálfun í leik samhæfingaræfinga fyrir trommusetting.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- geti leikið í fjórum mismunandi taktbrigðum.
- hafi þjálfast í samleik.
- hafi fengið tækifæri til að koma fram á tónleikum.
- hafi kynnst nótnalestri.
- geti lesið og leikið án undirbúnings einföld verkefni.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að leika eftir eyra.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á fyrsta stigi samkvæmt þessari námskrá.

### Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um eins árs nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Uppsetning fyrsta stigsprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á fyrsta stigsprófi eru sex. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það.

### 1. Tækniæfingar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tækniæfingar:

- Undirstöðuæfingar (5 stig)
  - einslagsþyrl (single stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
  - tvíslagsþyrl (double stroke roll) eigi hægar en M.M. ♩ = 100, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
  - samhengju (paradiddle) eigi hægar en M.M. ♩ = 92, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
  - einfalt forslag (flam) eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu fjórðaþáttsnótur
  - lokað þyrl (bounce/orchestral roll)
- Tvær handsetningaræfingar frá hægri hendi (5 stig)
- Tvær samhæfingaræfingar á trommusetting (5 stig)

Í prófinu velur prófdómari þær tækniæfingar sem leiknar eru.

### 2. Æfing á sneriltrommu (21 stig)

Æfing má vera úr kennslubók sem nemandinn er að vinna úr eða úr æfingabók.

### 3. Verk 1 (21 stig)

Stutt lag

### 4. Taktbrigði (21 stig)

Í þessum þætti skal leggja fram lista með tveimur taktbrigðum sem prófdómari velur úr.

### 5. Lestur af blaði (12 stig)

Stutt viðfangsefni á sneriltrommu

### 6. Heildarsvipur (10 stig)

Öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma

## Annað stig

Annað stigsprófið á trommusettt er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði G2**. Ætlast er til þess að nemendur í öðru stigi eigi kennslubók og kaupí æfingabók í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok annars stigs eiga trommunemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- hafi náð nokkuð góðum grundvallartökum á leik á trommusettt.
- hafi náð nokkuð góðum grundvallartökum á sneriltrommuleik.
- hafi náð grundvallartökum á leik á algengustu slagverkshljóðfæri, t.d. tamborínur, hristur og handtrommur.
- hafi kynnst öðrum hljóðfærum ásláttarfjölskyldunnar.
- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærin.
- leiki með eðlilegri handsetningu á hvert hljóðfæri fyrir sig.
- hafi grundvallartök á tónmyndun viðkomandi hljóðfæra.
- geti gert styrkbreytingar heyranlegar.
- hafi öðlast nokkuð gott hrynskyn.
- hafi þjálfast reglulega í að telja upphátt þar sem það á við.
- þekki algengustu formgerðir.
- hafi hlotið þjálfun í undirleik við laglínuflutning.
- hafi hlotið þjálfun í að leika innan mismunandi stílbrigða.
- hafi góð tök á grunnrytma og uppbroti í lögum sem hæfa þessum námsáfangum.
- hafi þjálfast í leik undirstöðuæfinga á sneriltrommu.
- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik handsetningaræfinga.
- hafi hlotið þjálfun í leik samhæfingaræfinga fyrir trommusettt.
- hafi kynnst því að leika grunn- og handsetningaræfingar frá báðum höndum.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- geti leikið six mismunandi taktbrigðum.
- sýni notkun á mismunandi styrk og styrkbreytingum, bæði í spuna og undirleik.
- hafi kynnst ýmiskonar samleik.
- hafi fengið tækifæri til að leika í hljómsveit.
- hafi fengið tækifæri til að koma fram á tónleikum sem þátttakandi í samspili.
- hafi þjálfast í nótnalestri.
- skilji algengustu leiðbeinandi orðum og táknum sem koma fyrir á lagblöðum (lead sheet).
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrsta stigi.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að leika eftir eyra.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á öðru stigi samkvæmt þessari námskrá.

### Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um tveggja ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Uppsetning annars stigsprófs og vægi prófpáttanna

Prófpættir á öðru stigsprófi eru sjö. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Undirbúa skal undirstöðuæfingar auk tveggja handsetningaræfinga og tveggja samhæfingaræfinga. Nemandi undirbýr eitt aðallag og leggur að auki fram lista með þremur taktbrigðum og velur prófdómari eitt þeirra til flutnings. Taktbrigði og undirstöðuæfingar skulu flutt utanbókar.

### 1. Tækniæfingar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tækniæfingar:

- Undirstöðuæfingar samkvæmt greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist bls. 158 (5 stig)
  - einslagsþyrl eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
  - tvíslagsþyrl eigi hægar en M.M. ♩ = 100, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
  - samhengju (paradiddle) eigi hægar en M.M. ♩ = 92, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
  - einfalt forslag (flam) eigi hægar en M.M. ♩ = 120, miðað við að leiknar séu fjórðaþáttsnótur
  - tvöfalt forslag (drag) eigi hægar en M.M. ♩ = 90, miðað við að leiknar séu fjórðaþáttsnótur
  - þrefalt forslag (ruff) eigi hægar en M.M. ♩ = 60, miðað við að leiknar séu fjórðaþáttsnótur
  - lokað þyrl (bounce/orchestral roll)
- Handsetningaræfingar frá hægri eða vinstri hendi (5 stig)
- Samhæfingaræfingar á trommusetting (5 stig)

Leikmáti:

- undirstöðuæfingar fluttar utanbókar
- handsetningaræfingar og samhæfingaræfingar má flytja með gefnum rytma útskrifuðum í prófinu velur prófdómari þær tækniæfingar sem leiknar eru.

### 2. Æfing á sneriltrommu (15 stig)

Æfing má vera úr kennslubók sem nemandinn er að vinna úr eða úr æfingabók.

### 3. Verk 1 (15 stig)

Stutt lag

### 4. Taktbrigðalisti (15 stig)

Í þessum þætti skal leggja fram lista með þremur taktbrigðum sem prófdómari velur úr.

### 5. Val (15 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- b. Leika verk samkvæmt klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.

### 6. Lestur af blaði (15 stig)

- a. Viðfangsefni á sneriltrommu (5 stig)
- b. Viðfangsefni á trommusetting (10 stig)

**7. Heildarsvipur (10 stig)**

Öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma

## Grunnpróf

Grunnpróf á trommusettt er þreytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Grunnpróf eru aðeins dæmd af Prófanend tónlistarskóla og kemur prófdómari á vegum hennar alla jafna árlega til þess að dæma próf í skólanum. Grunnprófið telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **grunnprófi í tónfræði** og aðeins þá fæst afhent prófskírteini frá Prófanefnd. Ætlast er til þess að nemendur sem stefna að grunnprófi eigi kennslubók og æfingabók í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok grunnnáms eiga trommunemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

### Nemandi

- hafi náð góðum grundvallartökum á leik á trommusettt.
- hafi náð góðum grundvallartökum á sneriltrommuleik samkvæmt námskrá ásláttarhljóðfæra.
- hafi náð grundvallartökum á leik á algengustu slagverkshljóðfæri, t.d. tamborínur, hristur og handtrommur.
- hafi kynnst öðrum hljóðfærum ásláttarfjölskyldunnar eftir því sem þörf er á og aðstæður leyfa.
- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærin.
- leiki með eðlilegri handsetningu á hvert hljóðfæri fyrir sig.
- hafi grundvallartök á tónmyndun viðkomandi hljóðfæra.
- hafi öðlast tón sem hæfir stíl tónlistarinnar.
- sýni tónmótun sem hæfir stíl tónlistarinnar.
- geti gert styrkbreytingar vel heyranlegar.
- hafi kynnst því að velja viðeigandi hljóðfæri eftir viðfangsefnum, samhengi og fyrirmælum.
- hafi grundvallarskilning á hentugri uppstillingu og staðsetningu trommusettsins og annarra slagverkshljóðfæra eftir aðstæðum hverju sinni.
- hafi kynnst stillingu trommusetts og annarra slagverkshljóðfæra.
- hafi öðlast gott hrynskyn geti leikið með hryntilfinningu sem hæfir stíl tónlistarinnar.
- hafi þjálfast reglulega í að telja upphátt þar sem það á við.
- hafi kynnst því að syngja einn rytma og leika annan samtímis.
- skilji og þekki algengustu formgerðir.
- sýni gott formskyn.
- hafi hlotið þjálfun í undirleik, bæði við laglínuflutning og spuna annarra.
- hafi hlotið þjálfun í að leika innan mismunandi takttegunda og stílbrigða.
- hafi góð tök á grunnrytma og uppbroti í lögum sem hæfa þessum námsáfangum.
- hafi þjálfast reglulega í leik undirstöðuæfinga á sneriltrommu samkvæmt markmiðum grunnnáms í klassískri námskrá fyrir ásláttarhljóðfæri.
- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik handsetningaræfinga samkvæmt greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
- hafi hlotið reglulega þjálfun í leik samhæfingaræfinga fyrir trommusettt samkvæmt greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
- hafi þjálfast í að leika grunn- og handsetningaræfingar frá báðum höndum.
- hafi þjálfast reglulega í að útfæra gefinn rytma í handsetningar- og samhæfingaræfingum samkvæmt greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- geti leikið og spunnið út frá sex mismunandi taktbrigðum.
- hafi hlotið þjálfun í að spinna innan mismunandi takttegunda og stílbrigða.
- spinni með öruggri hryntilfinningu.

- sýni sannfærandi hendingamótun í spuna.
- sýni eðlilega framvindu í spuna.
- sýni sannfærandi uppbyggingu í spuna.
- sýni sannfærandi sjálfsprottna notkun á mismunandi styrk og styrkbreytingum, bæði í spuna og undirleik.
- hafi kynnst ýmiskonar samleik.
- hafi fengið tækifæri til að leika í hljómsveit.
- hafi fengið tækifæri til að koma fram á tónleikum sem þátttakandi í samspili.
- sýni hlustun á meðspilara og virkt samspil.
- sýni frumkvæði í samleik að hann sé móttækilegur fyrir frumkvæði annarra í samleik.
- hafi þjálfast reglulega í nótnalestri.
- hafi þjálfast reglulega í óundirbúnum nótnalestri.
- skilji og geti farið eftir algengustu leiðbeinandi orðum og táknum sem koma fyrir á lagblöðum (lead sheet).
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í öðru stigi.
- hafi þjálfast reglulega í að leika utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að leika eftir eyra.
- hafi þjálfast reglulega í að læra taktbrigði, útsetningar og form eftir eyra.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á grunnprófi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.

**Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir við lok grunnnáms:**

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

## Uppsetning grunnprófs og vægi prófpáttanna

Prófpættir á grunnprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Nemandi undirbýr tvö aðallög og skal að minnsta kosti annað þeirra leikið utanbókar og innihalda spuna. Nemandi leggur að auki fram lista með fjórum taktbrigðum og velur prófdómari tvö þeirra til flutnings. Undirbúa skal undirstöðuæfingar samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla auk tveggja handsetningaræfinga og tveggja samhæfingaræfinga. Á grunnprófi er fullnægjandi að undirleikur sé leikinn á geisladiski.

### 1. Tækniæfingar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tækniæfingar:

- Undirstöðuæfingar samkvæmt greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist bls. 158 (5 stig)
  - einslagsþyrl eigi hægar en M.M.  $\downarrow$  = 120, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
  - tvíslagsþyrl eigi hægar en M.M.  $\downarrow$  = 100, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
  - samhengju (paradiddle) eigi hægar en M.M.  $\downarrow$  = 92, miðað við að leiknar séu sextándaþáttsnótur
  - einfalt forslag (flam) eigi hægar en M.M.  $\downarrow$  = 120, miðað við að leiknar séu fjórðaþáttsnótur
  - tvöfalt forslag (drag) eigi hægar en M.M.  $\downarrow$  = 90, miðað við að leiknar séu fjórðaþáttsnótur
  - þrefalt forslag (ruff) eigi hægar en M.M.  $\downarrow$  = 60, miðað við að leiknar séu fjórðaþáttsnótur
  - fimm slaga þyrl (five stroke roll) eigi hægar en M.M.  $\downarrow$  = 90, miðað við að leiknar séu þrítugastaogannarsþáttsnótur
  - sjö slaga þyrl (seven stroke roll) eigi hægar en M.M.  $\downarrow$  = 76, miðað við að leiknar séu þrítugastaogannarsþáttstríólur
  - níu slaga þyrl (nine stroke roll) eigi hægar en M.M.  $\downarrow$  = 96, miðað við að leiknar séu þrítugastaogannarsþáttsnótur
  - lokað þyrl (bounce/orchestral roll)
- Handsetningaræfingar samkvæmt greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist bls. 159 frá hægri eða vinstri hendi (5 stig)
- Samhæfingaræfingar samkvæmt greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist bls. 160 (5 stig)

Leikmáti:

- undirstöðuæfingar skv. bls. 158 í aðalanámskrá skulu fluttar utanbókar
- handsetningaræfingar og samhæfingaræfingar má flytja með gefnum rytma útskrifuðum í prófinu velur prófdómari þær tækniæfingar sem leiknar eru.

### 2. Æfing á sneriltrommu (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir rytmíska tónlist.

### 3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir rytmíska tónlist.

**Lög skulu vera ólík og að minnsta kosti eitt leikið utanbókar og eitt innihalda spuna.**

### 4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir rytmíska tónlist.

**Lög skulu vera ólík og að minnsta kosti eitt leikið utanbókar og eitt innihalda spuna.**

**5. Taktbrigðalisti (15 stig)**

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir rytmíska tónlist.

***Í þessum þætti skal leggja fram lista með fjórum taktbrigðum sem skulu leikin utanbókar.***

**6. Val (10 stig)**

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

a. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.

b. Leika verk samkvæmt klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.

**7. Lestur af blaði (10 stig)**

a. Viðfangsefni á sneriltrommu (5 stig)

b. Viðfangsefni á trommusett (5 stig)

**8. Heildarsvipur (5 stig)**

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.